



Minnislisti um það sem ekki má glatast og fleiri heilræði í Betadeild

Stjórn Betadeildar 2009–2011 boðaði til fundar með nokkrum konum sem starfað hafa lengi með Betadeild í þeim tilgangi að skerpa á starfsvenjum og festa á blað ýmsar hefðir í Betadeild sem ekki eru allar skráðar. Það sem bætist við og félagskonur vilja hafa skráð sem starfsreglur innan deildar þarf að setja hér inn.

Fundir

Stjórnin ákveður fyrirkomulag funda, s.s. hvort stjórnin eða hópar undirbúi fundi og hvort unnið er eftir ákveðnum þemum á starfstímabili stjórnarinnar. Rætt um að það fyrirkomulag að hópar sjái um fundi sé tilbreyting en ekki víst að það eigi alltaf að vera. Allar sammála um að konur verði virkari með þessu fyrirkomulagi og kynnist betur.

Fyrirkomulag funda sem stjórnin sér um

- Formaður setur fund.
- Formaður kveikir á kertum eða biður einhvern um það.
- Kveðja frá konum sem hafa boðað forföll.
- Orð til umhugsunar.
- Gengið til dagskrár.
- Fundargerð lesin.
- Efni fundar.
- Kaffi þegar hentar (kaffinefnd). Getur af og til verið með því formi að konur fái sér kaffi á meðan dagskrá stendur yfir. Happdrætti; sú sem fékk vinning síðast kemur með næsta vinning.
- Önnur mál.
- Formaður slítur fundi.

Fundir sem undirbúningshópar sjá um

Stjórn ákveður hvort og þá hvaða fundi undirbúningshópar sjá um og birtir lista þar um fyrir eitt starfsár í senn. Sú félagskona sem er tilgreind efst fyrir hvern fund er í forsvari. Formaður gætir þess að minna hana á með góðum fyrirvara og sendir leiðbeiningablað til hennar. Formaður ber ábyrgð á fundinum og grípur inn í ef hann telur þess þurfa. Undirbúningshópar nota leiðbeiningablaðið til hliðsjónar við undirbúning fundar og leita til formanns ef frekari upplýsinga eða aðstoðar er þörf. Formaður sendir út fundarboð.

- Formaður setur fund.
- Formaður kveikir á kertum eða biður einhvern um það eftir því sem undirbúningshópur hefur ákveðið.
- Kveðja frá konum sem hafa boðað forföll.
- Orð til umhugsunar (undirbúningshópur).
- Fundarstjóri (undirbúningshópur) tekur við og kynnir dagskrá.
- Fundargerð lesin.
- Fundarstjóri gefur formanni orðið.
- Efni frá stjórn eða annað sem formaður vill koma á framfæri.
- Dagskrá (undirbúningshópur).

- Kaffi þegar hentar. Getur af og til verið með því formi að konur fái sér kaffi á meðan dagskrá stendur. Happraetti, sú sem fékk vinning síðast kemur með næsta vinning.
- Formaður slítur fundi (tímasetning ákveðin í samráði við undirbúningshóp).

Orð til umhugsunar

Rík hefð er fyrir dagskrárliðnum „Orð til umhugsunar“ og eiga orðin að vera á hverjum fundi. Þetta er hugsað sem upphaf fundar, strax eftir fundarsetningu og á undan fundargerð. Gert er ráð fyrir stuttu innleggi, varla meira en 5 mínútum, síðan er gengið til dagskrár. Hver stjórn getur ákveðið hvort hún vill hafa þema eða ekki undir þessum lið. Hvorutveggja hefur verið prófað í Betadeild.

Gestir – nýliðar – inntaka

- Þær konur sem boðið hefur verið að ganga í deildina eru gestir þangað til þær hafa verið teknar inn. Þær þurfa að mæta á a.m.k. 2–3 fundi áður en inntakan fer fram.
- Á fyrsta fund koma þær eftir að fundargerð hefur verið lesin. Það er haft með þeim hætti vegna þess að í fundargerð er greint frá umræðu og atkvæðagreiðslu um inntöku nýrra félaga á síðasta fundi. Eftir þann fund geta þær verið á fundi frá byrjun. Útskýra þarf fyrir viðkomandi að þetta séu reglur, þ.e. að gestir komi á fyrsta fund að fundarsetningu lokinni.
- Þegar þær mæta á fyrsta fund er mikilvægt að þær félagskonur sem buðu þeim og eru tengiliðir við þær fylgi þeim á fundinn. Þær eru í „gestgjafahlutverki“ gagnvart þeim meðan fundurinn varir og meðan á inntökuferlinu stendur. Ef tengiliður kemst ekki á fund þarf sú kona að fela einhverri annarri gestgjafahlutverkið á fundinum.
- Stjórn ákveður hvenær taka á inn nýja félaga. Á bóka fundi er ekki inntaka.
- Þegar inntaka fer fram sitja aðeins þær konur fundinn sem þegar eru félagar í deildinni.
- Við inntöku er það venja í Betadeild að allar sem viðstaddar eru kveiki á kertum. Lagt er upp úr því að hafa inntöku í heimahúsi ef mögulegt er. Nöfn nýrra félaga og starfsheiti skal skráð í fundargerð. Gjaldkeri deildar sendir tilkynningu um nýja félaga til gjaldkera landssambandsins og félaga- og útbreiðslunefndar. Einnig bætir hann nýjum félögum inn á svæði deildarinnar á alþjóðavefnum. Nánar má lesa um inntöku nýrra félaga í „[starfsreglum Betadeildar vegna inntöku nýrra félaga](#)“
- Fyrirlesarar og aðrir tilfallandi gestir á fundum mæta eftir að fundargerð hefur verið lesin.

Starfið

- **Útbreiðslunefnd Betadeildar:** Á aðalfundi vorið 2012 var samþykkt að skipa útbreiðslunefnd innan deildarinnar sem í sitja 2-3 félagskonur. Kosið verði í nefndina á aðalfundi. Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirlit yfir starfsheiti, störf og starfsvettvang félagskvenna. Jafnframt skal nefndin veita stjórn/deild upplýsingar um starfsgreinar og starfsvettvang, s.s. skóla og aðrar mennta- og menningarstofnanir, þar sem æskilegt væri að leita eftir nýjum félögum. Hugað skal að jafnvægi um ýmsa þætti þar um sbr. tilmæli landssambandsins og alþjóðasamtakanna. Jafnframt koma félagskonur eftir sem áður með ábendingar og bera upp tillögur um nýja félaga.

Stjórn tilkynnir með góðum fyrirvara hvenær verður fjallað um tillögur um nýja félaga og er þá ætlast til að félagskonur kynni stuttlega tillögur. Nefndin býr til viðmið fyrir kynningu. Kynningarnar þurfa að vera vel undirbúnar, stuttar og hnitmiðaðar. Ekki er ætlast til að félagskonur sem hyggjast bera upp tillögu um nýja félaga ræði við viðkomandi fyrirfram né leiti eftir upplýsingum hjá viðkomandi beint vegna kynningar. Þegar samþykki deildar liggur fyrir hefur félagskonan samband við þá konu sem ákveðið var að bjóða til fundar. Stjórn og/eða deild ákveður á hvaða fundi skal bjóða gestum í fyrsta sinn.

- Þegar þing eða ráðstefnur á vegum samtakanna eru framundan er mikilvægt að hvetja konur til þátttöku og veita eins miklar upplýsingar og hægt er eins fljótt og hægt er. Hverjar hafa áhuga, við ætlum að hittast á Reyna að keyra saman og/eða bóka saman. Besta leiðin er: „Ég ætla að fara, hver ætlar að koma með mér“.
- Deildin leitast við að styrkja konur til ferða á þing og ráðstefnur eftir aðstæðum hverju sinni. Viðmið deildarinnar eru: Fyrir þing erlendis er greitt úr Elísabetarsjóði en á þing innanlands er ráðstefnugjald greitt til þeirra kvenna sem fara.
- Fráfarandi stjórn og ný stjórn hittast á svokölluðum „skilafundi“ þegar henta þykir sem næst 1. júlí en þá skulu stjórnarskipti fara fram skv. reglum samtakanna. Á fundinum skilar fráfarandi stjórn af sér og ný tekur við. Fráfarandi stjórn ber að standa skil á fundargerðum og öllum gögnum (líka rafrænum) sem deildinni tilheyrir ásamt tösku með áhöldum í eigum deildarinnar. Einnig er mikilvægt að fráfarandi stjórn komi sem mestum upplýsingum um fyrirkomulag og utanumhald um gögn og annað sem þurfa þykir til nýrrar stjórnar og formaður til nýs formanns þó svo hann eigi eftir að starfa með stjórninni. Fráfarandi formaður sendir tilkynningu um nýja stjórn til alþjóðasamtakanna á sérstöku eyðublaði (Form 110) sem finna má á vef þess (dkg.org) fyrir 1. júlí.

Elísabetarsjóður

- Elísabetarsjóður er í eigu deildarinnar og er hann afrakstur af sölu bókarinnar *Listakonan í fjörunni* (1989) sem félagar í Betadeild rituðu, gáfu út og seldu. Um sjóðinn gilda sérstakar reglur sem samþykktar eru á aðalfundi. Þrjár konur skipa stjórn sjóðsins í samræmi við reglur. Meginhlutverk sjóðsins er að styrkja konur til ferða á þing og ráðstefnur. Sjá nánar í reglum sjóðsins.

Afmæli

- Á 20 ára afmæli deildarinnar árið 1997 var ákveðið að heiðra konu á starfssvæði hennar sem talin er hafa lagt mikið af mörkum til fræðslu-, mennta- og/eða menningarmála. Í fundargerð 27. febrúar 2002 er bókuð samþykkt um að heiðra konur á fimm ára fresti. Sú kona skal ekki vera félagi í DKG en þarf að starfa á svæði Betadeildar og hafa lagt mikið af mörkum til fræðslu-, mennta- og/eða menningarmála á svæðinu. Nú hafa sex konur verið heiðraðar þær: Kristín Aðalsteinsdóttir 1997, Magnea frá Kleifum 2002, Heiðís Norðfjörð 2007, Rósa Eggertsdóttir 2012, Sigrún Sveinbjörnsdóttir 2017 og Helga Hauksdóttir 2022.
- Sú hefð hefur skapast að gefa félagskonum sem fylla tug, 40 ára og eldri afmælisgjöf og rós. Sú hefð hefur einnig skapast að gjöfin sé í formi gjafabréfs til Unichef. Koma þarf fram í fundargerðum hvað gefið er.

Rósir

Venja er að afhenda rauða rós til þeirra sem flytja fyrirlestra á fundum eða leggja á sig sérstaka vinnu í þágu deildarinnar. Á það bæði við um konur innan deildar sem og

utanaðkomandi fyrirlesara. Einnig er venjan að færa þeim konum rós sem bjóða fram húsnæði sitt til fundarhalda. Við inntökuathöfn í deildinni er nýjum konum færð rós.

Siðareglur vegna andláts innan deildarinnar

- Á aðalfundi 2012 tilkynnti stjórn Betadeildar að ákveðið hefði verið að styðja við þær konur sem missa nákominn ættingja með því að senda kort og blóm. Það miðast við maka, börn og barnabörn. **Mikilvægt er að þær sem þekkja til láti stjórn vita ef félagskona missir nákominn ættingja sem þetta á við um.**
- Á aðalfundi 2014 var samþykkt að ef félagskona fellur frá sé aðstandendum boðin aðstoð við erfisdrykkjuna. Farið er með blóm og kort til aðstandanda og prestur beðinn um að lesa upp kveðju frá deildinni við jarðarförina. Stjórn deildar sér um að fá einhverja konu í deildinni til að semja kveðjuna og koma henni til prestsins.
- Stjórn deildar felur einhverri konu í deildinni að stjórna stuttri minningarathöfn um látna félagskonu á næsta formlega fundi.

Uppstillingarnefnd

Á aðalfundi deildarinnar 16. maí 2024 var ákveðið að það sé alltaf „síðasta stjórn“ (þ.e. stjórnin sem sat á undan þeirri sem situr hverju sinni) sem verði uppstillingarnefnd deildarinnar fyrir aðalfund. Dæmi: Vorið 2026 þegar kjósa þarf nýja stjórn á aðalfundi skipa þær konur sem voru í stjórn 2022-2024 uppstillingarnefndina. Vorið 2028 eru þær konur sem voru í stjórn 2024-2026 uppstillingarnefndin ...o.s.frv.
Formenn þessara fyrrum stjórna sjá um að kalla nefndina saman til starfa.

Þetta skjal var upphaflega unnið af stjórn deildarinnar 2014:

Þorgerði Sigurðardóttur, Jónínu Hauksdóttur, Hönnu Salómons dóttur, Sigrúnu Aðalgeirsdóttur og Eygló Björnsdóttur. Einnig komu þær Anna Þóra Baldursdóttir, Jóhanna S. Þorsteinsdóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir og Rósa Kristín Júlíusdóttir að þessari samantekt.

Síðast endurskoðað af stjórn Betadeildar og samþykkt af félagskonum á febrúarfundi 2025.